

Afríka sunnan Sahara í brennidepli

Ritstjórar: Jónína Einarsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir

Bókarheiti: Afríka sunnan Sahara í brennidepli

Gagnrýnandi: Ólöf Ýrr Atladóttir

Útgáfa: Háskólaútgáfan og Afríka 20:20, Reykjavík 2007, 288 bls.

LJÓSI VARPÐ Á MARGBREYTILEIKA MENNINGAR

Ánægjulegt hefur verið að fylgjast með því hvernig áhugi Íslendinga á málefnum þróunarlanda virðist hafa aukist á undanförunum árum. Fjölmíðlar hafa og tekið við sér; algengt er að fjallað sé um hin fátækari ríki heims á síðum dagblaða og í ljósvakamiðlum. Þróunarmál eru í deiglu.

Yfirbragð þeirra upplýsinga sem við höfum fengið hefur þó ekki breyst alveg í takti við aukið magn þeirra: Enn ber sú mynd sem dregin er upp af mannlífi í Afríku sunnan Sahara einkum keim af allsleysi og örbirgð, örvinglun og kröm. Enn er okkur innrætt sú hugmynd að í Afríku búi einsleitt fólk án menningarsérkenna og okkur er lítt veitt innsýn í sérkenni mismunandi ríkja í álfunni og ótölulegra þjóðflokka, ríkrar flóru tungumála og nýtingu margbreytilegs náttúrufars. Of oft virðist okkur ætlað að fella þann tæpa milljarð manna sem álfuna byggir undir hatt almennrar staðalmyndar af „Afríku“.

Nýútgefinni bók, „Afríka sunnan Sahara í brennidepli“, er ætlað að bæta hér úr. Ef til vill má segja að sjálf hugmyndin um að hægt sé að gera heilli heimsálfu skil í einni bók feli í sér hættu á að fólk falli í gryfju einsleitni, en af efnistökm einstakra höfunda að dæma er greinilegt að þeim er þessi vandi í huga og þeir reyna eftir megni að draga upp mynd af margbreytilegum menningarheimi.

Ritstjórar bókarinnar, Jónína Einarsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir, hafa báðar starfað að þróunarmálum um langt skeið og hafa fengið til liðs við sig sérfræðinga á ýmsum sviðum sem fjalla um Afríku út frá mismunandi sjónarhornum.

Ritinu er skipt í fjóra hluta. Í þeim fyrsta er farið yfir söguna undir leiðsögn Jónínu Einarsdóttur, stiklað á stóru frá uppruna mannsins og til okkar daga. Í öðrum hluta er fjallað um lifnaðarhætti og lífsafkomu: Guðrún Haraldsdóttir fjallar um samfélagsgerð og lífsafkomu, Jón Geir Pétursson um náttúruauðlindir og nýtingu, Magnfríður Júlíusdóttir um fólksfjöldaþróun og borgarvæðingu og Geir Gunnlaugsson um heilbrigðismál. Í þriðja hluta er fjallað um listir og bókmenntir í þremur köflum: Ólöf Gerður Sigfúsdóttir skoðar listhugtakið og höfundarhugmyndina í tengslum við listarfleifð og fagurfræði, Jóhanna Bogadóttir fjallar um samtímalist og Raisa Simola um bókmenntir. Í síðasta hluta bókarinnar er fjallað um Afríku og umheiminn og þar rekur Þórdís Sigurðardóttir fyrst sögu þróunarstarfs frá lokum seinni heimstyrjaldar til okkar daga. Margrét Einarsdóttir og Pétur Waldorff fjalla um fátæktarhugtakið og bera saman birtingarmyndir fátæktar í Afríku nú á dögum og á Íslandi á 18. öld. Í lokakafla bókarinnar ræðir Kristín Loftsdóttir um þær ímyndir sem Afríka hefur gegnum tíðina haft á sér í hugum Evrópubúa. Eins og sjá má af þessari upptalningu eru efnistökin fjölbreytileg og víða komið við.

Bókin er afar læsileg, uppsetning góð, myndskreytingar fallegar og í góðum tengslum við umfjöllunarefni. Mikil vinna hefur verið lögð í útgáfuna og ljóst að metnaður hefur ráðið ríkjum við vinnuna.

Í riti sem þessu, sem hefur það metnaðarfulla markmið að veita innsýn í flesta þætti mannlífs í margbreytilegri heimsálfu, er vandasamt að velja umfjöllunarefni. Varhugavert er að kvarta undan því sem vantar í riti sem augljóslega getur ekki með góðu móti náð yfir öll möguleg viðfangsefni. Engu síður velti ég fyrir mér ástæðum þess að ekki er í hluta um lifnaðarhætti og lífsafkomu fjallað sérstaklega um atvinnuuppbyggingu og eins mætti nefna hvers vegna heilbrigðismálum eru gerð sérstök skil en ekki t.a.m. menntamálum. Í umfjöllun um listir og bókmenntir sakna ég þess óneitanlega að lítt eða ekkert er fjallað um ríka tónlistararfleifð og danshefðir í Afríku. Þessi gagnrýni er þó sett fram með hálfum huga, enda gefast vonandi möguleikar til frekari útgáfustarfsemi í framtíðinni.

Textinn er víðast hvar lipurlega skrifaður og efnistökm og uppbygging skipuleg. Sums staðar hefði þó e.t.v. mátt fara ögn betur yfir orðalag og eins eru í textum örfáar leiðinlegar staðreyndavillur, sem koma hefði mátt í veg fyrir. Eins og fram hefur komið verður í riti sem þessu ekki komist hjá því að þjappa umfjöllunarefni saman, en það er dálítið til vansa að það hefur á nokkrum stöðum orðið á kostnað nákvæmni í umfjöllun. Í sumum köflum hefði e.t.v. mátt beina lesendum víðar á netið til frekari upplýsingaöflunar og í því samhengi beini ég þeirri beiðni til Afríku 20:20 sem að útgáfunni stendur að

láta taka saman lista yfir vefslóðir, með hliðsjón af efnistöfum í bókinni, og birta á vef samtakanna.

Þrátt fyrir örlitla annmarka er höfundum og ritstjórum mikill sómi að þessari bók og allir sem standa að útgáfunni eiga þakkir skildar fyrir að hafa lagt vinnu í að taka saman svo aðgengilegt kynningarit um málefni Afríku sunnan Sahara. Bókin vekur lesendur til umhugsunar um hugtakanotkun, mismunandi menningu og sammannlega tilveru. Drepið er á afar mörg áhugaverð viðfangsefni og gefin innsýn í mikinn fróðleik. Efnistöf í bókinni vekja löngun til frekari þekkingarleitar – og er það ekki aðall góðra ritverka?

Ástæða er til að hvetja alla sem vilja fá innsýn í málefni Afríku að byrja á að lesa þessa bók og vonandi ratar hún sem víðast.